
Þýzki grafikmeistarinn Weber

Beitir sálrænum áhrifum



... og hittir beint í mark

Hinn heimskunni grafikmeistari Andreas Paul Weber sýnir nú á Kjarvalsstöðum 160 lithografíur, og mun það vera ein stærsta sýning sem listamaðurinn hefur haldið, en hann er fæddur í Þýzkalandi 1893.

Weber er stórkostlegur teiknari, með persónulegan stíl sem hentar mjög vel þeirri kaldhæðnislegu þjóðfélagsgagnrýni, sem hann beinir að samfélaginu.

Maðurinn í öllum sínum hégómleik er aðalviðfangsefnið, en meðferð listamannsins er þó þannig, að engum dettur í hug að hann sé að setja sig sem dómara yfir fólki, heldur fær hann fólk til að líta á mannlegt hátterni í nýju ljósi.

Weber er einn af þessum mönnum sem lætur lítið yfir sér. Hann talar lítið , vandar tilsvör sín, sem eru alltaf stutt og ákveðin. Hann hefur lifandi kímnigáfu en hefur þó gát á því að brosa ekki of breitt.

Andreas Paul Weber hefur næmt auga fyrir persónulegum einkennum manna, hvort heldur eru líkamleg einkenni eða einkennandi hreyfingar eða fas.

Eitt af sérkennum í listastíl Webers kemur fram í því, að hann setur dýrshaus á persónur sínar og nær með því sérstæðum sálrænum áhrifum, sem hitta svo gersamlega í mark, að menn standa uppi orðvana.

Á stríðsárunum starfaði Weber í heimalandi sínu Þýzkalandi, og sat hann meðal annars í fangelsi um tíma, enda beitti hann list sinni óspart til þess að fletta ofan af yfirborðsmennskunni og hégómanum sem einkenndi hegðun og líf þýzku nasistanna.

Þetta er stórkostleg sýning sem menn ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Myndirnar eru gerðar á 45 ára tímabili, en þýzka bókasafnið í Reykjavík og Félagið íslenzk grafik höfðu frumkvæði um að sýningunni var komið upp. Hún verður opin í nokkra daga.


—BJ



Hvað skyldi listamaðurinn nefna þessa mynd?



Eða þessa?



Eða þessa?



Eða þessa?



Eða þessa?